

**117** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð ekkna og munaðar-  
13. sept. leysingja í Neshreppi utan Ennis, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 13. september 1912.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð ekkna og munaðarleysingja í Neshreppi utan Ennis.

### 1. gr.

Sjóðurinn skal heita Styrktarsjóður ekkna og munaðarleysingja í Neshreppi utan Ennis. Stofnfjeð er kr. 667,04.

### 2. gr.

Sjóðurinn skal standa á vöxtum í Söfnunarsjóði Íslands óhaggaður í 100 — eitt hundrað — ár. Þann tíma allan skulu vextirnir lagðir við höfuðstólinn, og má á engan hátt skerða hvorugt. Að þeim tíma liðnum skal útbýta  $\frac{3}{4}$  hlutum vaxtanna, eins og til er tekið í 3. gr. Höfuðstólinn og  $\frac{1}{4}$  hluta vaxtanna má aldrei skerða.

### 3. gr.

$\frac{3}{4}$  hlutum vaxtanna skal árlega útbýta til bágstaddra ekkna og munaðarlausra barna í Neshreppi utan Ennis. Það er á valdi stjórnarnefndar sjóðsins hve margir hljóta styrkinn í hvert skifti. Þegar frá liður og sjóðurinn hefir vaxið, mega styrkveitingar úr honum vera víðtækari, en allar skulu þær ganga til líknarfyrirtækja, og alt af skulu munaðarlausar ekkjur og börn ganga fyrir styrkveitingum.

### 4. gr.

Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir á hendi stjórn sjóðsins, geymir eignarskilríki hans og önnur skjöl, birtir árlega í Stjórnartíðindum landsins yfirlit yfir hag hans, og skal þar ávalt getið stofnársins. Einnig veitir sýslunefndin styrk úr honum þegar sá tími kemur. Eftir að farið er að veita styrk úr sjóðnum, skulu kosnir af atkvæðisbærum hreppsbum í Neshreppi utan Ennis 3 menn í nefnd, sem búsettir sjeu í hreppnum, til að gera tillögu til sýslunefndar um hverjir verði aðnjótandi styrksins í hvert skifti, svo tímanlega ár hvert, að komið sje til sýslunefndar fyrir aðalfund hennar. Kosning nefndarmannanna gildir fyrir 3 ár í senn.

## 5. gr.

117

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að hún einhverra orsaka vegna náí ekki tilgangi sínum, en til þess að sú breyting sje gild, þarf að minsta kosti samþykki  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæðisbærra hreppsþúa, enda verði arði sjóðsins varið til einhverra opinberra almennra fyrirtækja eða framkvæmda innan hreppsins.

## 6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Sandi, 30. janúar 1912.

Í umboði hreppsþúa.

*Dantel Bergmann.*

*Jón Jónsson.*

*Olafur Proppé.*

## Reglugjörð

118

23. sept.

um vita, sjómerki o. fl.

## I. kafli.

*Um leiðarmerki.*

## 1. gr.

Eiganda vita eða sjómerkis er skylt að halda leiðarmerki sínu í góðu standi. Hann ber ábyrgð á, að vitinn logi þann tíma, sem auglýstur hefir verið, að hann lýsi vel, að lithornum, ef nokkur eru, sje rjett fyrirkomið, að vitahús sjeu í góðu standi og jafnan svo útlits sem fyrir er mælt, og að vitanum að öðru leyti sje svo fyrir komið og hann þannig ræktur sem stjórnarráðið hefir samþykkt. Um önnur leiðarmerki á sjó og landi ber þess að gæta, að þau líti út eins og stjórnarráðið skipar fyrir um á hverjum tíma og auglýst hefir verið fyrir sjófar- endur, og sjeu ætíð þar sem þau eiga að vera.